



Vorönn 2026
Fjölbrautaskóli Suðurlands

MYNL3VL05

Veggjalist

Kennari	Ágústa Ragnarsdóttir, agustaragnars@fsu.is
---------	--

Áfangalýsing:

Í áfanganum vinna nemendur ný myndverk á hluta af útilistavegg við FSu og munu þau verk skreyta vegginn í það minnsta næstu tvö árin. Þemað eru bókmenntir, sögur, ævintýri og sagnir í viðum skilningi. Verkefnið krefst góðs undirbúnings í formi hugmyndavinnu og skissugerðar. Nemendur þjálfast í hlutfalla- og reitaskölun og að vinna á afar stóran flöt. Notast er við málningu en ekki spreyp. Hver nemandi vinnur sitt verk sem einstaklingsverkefni en svo fléttast verkin saman að ákveðnu leiti í lokin. 1/3 áfangans er unnin innan húss (hugmynda- og skissuvinna), 2/3 áfangans er útivinna (endanlegt verk sett á vegg).

Nemendur á þriðja þrepi eiga að vinna mjög sjálfstætt og vera búnir að tileinka sér alla grunnþætti fagsinstil þess. Auk þess eiga nemendur að geta verið nemendum á 2. þrepi til halds og traust.

Markmið áfangans:

Þekking

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- muninum á veggjakroti og veggjalist.
- mikilvægi á góðri undirbúningsvinnu.
- mikilvægi þess að fá samþykki frá viðeigandi aðila fyrir verkum sem þessum.
- mikilvægi listar í umhverfinu.
- að verkið krefst skipulagningar, öll efni og áhöld þurfa að vera til staðar á vinnusvæðinu
- að þegar unnið er að verki utanhúss sé vinnan er háð veðri og allt eins líklegt að hún fari fram utan skólatíma
- að verk sem þetta eru komin til að vera og fyrir allra augum.

Leikni

Nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- umræðu varðandi þema og komast að sameiginlegri niðurstöðu í uppsetningu verks.
- undirbúningsvinnubrögðum fyrir verk af þessari stærðargráðu með skissu- og hugmyndavinnu.
- mikilvægi velunninna skissa.
- nýta sér rúðustækkun.
- að undirbúa lokavinnuna innandyra og utan með tilliti til efnis og áhalda.
- að ljúka verki af óvenjulegri stærðargráðu við krefjandi aðstæður
- að undirbúa og vinna svona verk aleinn og óstuddur
- að leiðbeina öðrum í vinnuferli veggjalistar

Hæfni

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- gera sér grein fyrir því að það krefst vinnu og samtalsferlis að útvega sér vegg að vinna á.
- vinna veggjalist í góðu samstarfi við alla sem að verkinu koma.
- vinna ferlið frá hugmynd og að fullunnu verki.
- standast tímaáætlanir.
- að geta myndskreytt stóra fleti frá grunni án tækni á borð við t.d. skjávarpa.
- að geta stýrt og aðstoðað aðra við þann feril sem svona verkefni krefst

Námsefni

Fyrirlestrar, innlagnir, glæsur, internetið, myndbönd, sýnikennsla og verkleg kennsla en engar hefðbundnar kennslubækur. Öll verkfæri og allt efni er innifalið í efnisgjaldi sem greiðist í heimabanka.

Áætlun um verkefni:

Vika	Dagsetning	Námsefni og viðfangsefni	Verkefni
2-8	13. jan. - 12. feb.	Hugmynda- og skissuvinna	Fullbúin skissa
9-15	17. feb. - xx. apríl	Pása í áfanganum þar til veður batnar með vorinu	
16-20	Hluti af apríl og fram í maí	Útvinna á vegg, stundum unnið í kennslustundum ef veður leyfir en yfirleitt utan hefðbundinna kennslustunda s.s. seinni partinn, almennra frídaga og helgar	Fullklárað verk

Kröfur og verkefnaskil

- Áfanginn er verklegur staðnámsáfangi og skal skissuferlið unnið að mestu leiti í kennslustundum að kennara ásjáandi.
- Nemendur útbúa litlar möppur strax í byrjun annar fyrir skissur sínar.
- Áfanginn er próflaus símats- og leiðsagnarmatsáfangi. Í námsmati er horft til frumkvæðis, sköpunargleði, verklags, persónulegra vinnubragða, vandvirkni, frágangs, ígrundunar og rökstuðnings á endanlegri niðurstöðu, áhuga og vinnusemi, mætinga og auðvitað lokaútkomu.
- Tölvur og símar leyfir í tímum sem vinnutæki og einnig má hlusta á tónlist sé kennari ekki með innlögn. Önnur notkun á þessum tækjum ekki leyfð nema að höfðu samráði við kennara.
- Áfanginn næst ekki nema með loknu fullnægjandi verki úti á vegg á tilsettum tíma sem á þessum tímapunkti er í allra síðasta lagi 12. maí (veður getur spilað inn í).
- Fullunninni skissu í lit af tilvonandi verki skal lokið í síðast lagi 12. febrúar ásamt reitaskölunargriddi.
- Nemendur eiga að vinna eigin sköpun en ekki kópera verk eða karaktera eftir aðra þó vissulega geti verkin verið innblásin af annarra manna verkum og minni sótt í eldri verk.
- Hugmynda- og skissuvinna er um þriðjungur áfangans - annað er tími sem er ætlaður á vegginn sjálfan. Tekin er pása í áfanganum eftir miðjan febrúar og fram í apríl. Þá er veggurinn tekinn í áhlaupi þegar veður batnar og **VERÐA nemendur að vera tilbúnir þegar kallið kemur frá kennara að taka seinni parta, frídaga og helgar þegar veður er hagstætt og láta námið ganga fyrir t.d. vinnu. Kennari getur ekki gert áætlun um það eðli málsins samkvæmt. Í þessum verkhluta eru unnar upp allar þær klukkustundir þar sem pása var í áfanganum auk þeirra**

kennslustunda sem eru. Kennari er í miklu sambandi við nemendur á þessum tíma varðandi mætingar.

- Þegar farið er að vinna í málningarvinnunni er mikilvægt að vera í fötum og skóm sem henta þannig vinnu þ.e. mega fá á sig málningu. Einnig að huga að því að það er oft mjög kalt að vinna svona úti klukkutímum saman. Klæða sig vel er grundvallaratriði!

Reglur um svindl og notkun gervigreindar

<https://www.fsu.is/is/namid/namskrofur-og-reglur/reglur-um-svindl-i-verkefnum-og-profum>

Ef að grunur um ritstuld og/eða óleyfilega notkun á gervigreind vaknar gætu nemendur þurft að gera munnlega grein fyrir verkefni/prófi.

Sömu reglur gilda um notkun gervigreindar við skrif og gilda um heimildaskráningu almennt. Reglur um heimildaskráningu má finna á heimasíðu skólans. <https://www.fsu.is/is/namid/namskrofur-og-reglur/heimildaskraning-leidbeiningar>

Námsmat:

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Hugmynda- og skissuvinna	Áhugi og vinnusemi, sköpunargleði og frumleiki, tileinkun, tilraunir, sjálfstæði vinnubrögð, fullbúin og nothæf skýr skissa í lit með reitagriddi, skil á réttum tíma.	25%
Endanlegt verk á vegg	Áhugi og vinnusemi, tímanýting og mæting, tileinkun og sjálfstæð vinnubrögð, meðferð verkfæra, umgengni á útisvæði, stuðningur við 2. þreps nemendur, umfang lokaafurðar, fullklárað verk. • Vinnusemi og tímanýting í boðaða vinnu (15%) • Tileinkun (25%) • Lokaafurð (35%)	75%

Námsmats- og prófsýningardagur

Námsmats- og prófsýningar eru alltaf við lok hvernar annar. Hvað er það?

Námsmats- og prófsýning er mikilvægur hluti af náminu því þar færðu:

- tækifæri til að sjá hvernig þér gekk.
- útskýringu á námsmati hvort sem um lokapróf eða símat er að ræða.
- ráðleggingar sem geta nýst þér í áframhaldandi námi.
- tækifæri til að gera athugasemd við niðurstöðu námsmatsins ef þér þykir hún ósanngjörn.

Kennsluáætlunin er gerð með fyrirvara um breytingar.

7. janúar 2025.